

Viðtal

Rútína er þyngdar sinnar virði í gulli

Viðtal við Hilmar Örn Óskarsson

Hilmar Örn Óskars-son fékk önnur verð-laun í glæpa-smá-sagna-keppni fyrir smá-söguna Brúður.

Börnin hans þrjú elska hann upp úr skónum enda er hann natinn upp-alandi, hlýr og gefandi.

Var oft óvæginn í dómum um sjálfan sig á árum áður, það hefur breyst.

Hafði lengi unnið með greindum börnum ... Sá að margt í mínu eigin fari speglaðist í þeim.

Léttir að fá nafn yfir það hvers vegna hausinn á mér virkaði ekki með sama hætti og hjá öðrum.

Ég á hættu-lega auðvelt með að fá leið á því sem gengur ekki nógu hratt fyrir minn smekk,

mar Örn Óskarsson fékk nýverið önnur verðlaun í glæpasmásagnakeppni fyrir smásöguna „Brúður“. Hilmar er rúmlega þrítugur, þriggja barna faðir, vinnur á pósthúsinu á Blönduósi og skrifar smásögur, skáldsögur og BA ritgerð í bókmenntafræði í tómstundum. Hann er góður penni, oft knappur, beittur og fyndinn en lætur sér líka annt um persónurnar sem hann skapar. Börnin hans þrjú elska hann upp úr skónum enda er hann natinn uppalandi, hlýr og gefandi, eins og blaðamaður getur vitnað um sem tengdamóðir skáldsins. Hilmar Örn er „greindur“, eins og hann orðar það sjálfur, þ.e. með ADHD greiningu. Hann var oft óvæginn í dómum um sjálfan sig á árum áður, það hefur breyst eftir að hann fékk greininguna árið 2004 og hann hugsar ekki um mikið um hindranir, miklu fremur um möguleika.

Verðlaunin heita Gaddakylfan og eru árviss samstarfsviðburður hjá tímaritinu Mannlífi, Grand Rokk og Hinu íslenska glæpafélagi. Í ár voru þau veitt þann 5. júlí síðastliðinn að viðstöddu fjölmenni og eftir að Geir Ólafsson hafði sett hátíðina með Frank Sinatra slagara. Saga Hilmars, „Brúður“, fjallar um konu sem grunar verðandi eiginmann um ótryggð. Hún kemst að því að hún hefur rétt fyrir sér og grípur til sinna ráða. Eins og í öðrum góðum glæpasögum kemur svo eitt og annað í ljós sem flækir málið. „Söguna má nálgast í fylgikveri Mannlífs frá því í júlí síðastliðnum,“ upplýsir Hilmar Örn, „og reyndar tók ég eftir því fyrir tilviljun að verið er að selja kverið stakt í bókabúðum um þessar mundir. Einnig getur fólk skráð sig á rithringur.is og flett henni upp þar.“

Athyglisbresturinn enn í fullu fjöri

Aðspurður um hvers vegna hann dreif sig í greiningu á fullorðinsaldri stendur ekki á svari. „Ég hafði lengi starfað í leikskóla og unnið með greindum börnum, heyrt mikið um röskunina rætt og lesið mér til um hana. Ég sá að margt í mínu eigin fari speglaðist í þessum börnum,“ segir Hilmar og brosir, „og því meira sem ég ígrundaði mína eigin ævi, allt frá því ég fyrst man eftir mér, þeim mun vissari varð ég um að ég tilheyrði þessum hópi fólks sem greina mátti sem ofvirkt og/eða athyglisbrostið. Síðan gerðist það að ég las grein um fullorðinn mann sem hafði staðið í svipuðum hugrenningum þegar hans eigið barn greindist og hafði í framhaldi af því ákveðið að fara sjálfur í greiningu. Ég hugsaði með mér að ég gæti vel gert það sama og pant-

aði tíma hjá Sigríði D. Benediksdóttur sálfræðingi. Eftir nokkrar heimsóknir til hennar ásamt ófáum prófum, fyrir bæði sjálfan mig og nána ættingja, varð niðurstaðan sú að þrátt fyrir að hreyfiofvirkin eða mótórisminn hefði að miklu leyti náð að tæstast úr mér í gegnum árin þá var athyglisbresturinn enn í fullu fjöri.“

Hverju hefur það breytt í þínu lífi að fá greininguna?

„Það fylgdi því auðvitað ákveðinn léttir að fá loksins eitthvað nafn yfir það hvers vegna hausinn á mér virkaði ekki með nákvæmlega sama hætti og aðrir hausar í kringum mig en daglegt líf mitt hefur ekki breyst að miklu leyti, maður reynir að takast á við ástandið með því að vera meðvitaður um það – hafa í huga að maður verði að hafa hlutina í huga,“ segir Hilmar og bætir við: „...lengur en þrjár sekúndur í senn. Ég veit að ég þarf oft að leggja harðar að mér en aðrir til að klára það sem ég byrja á, ég á hættulega auðvelt með að fá leið á því sem gengur ekki nógu hratt fyrir minn smekk, og ég er slíkur smekkmaður að það er ósköp fátt sem gengur eins hratt og ég myndi helst vilja!“

Auðveldara að fá góðar hugmyndir

Að sögn Hilmars hefur ADHD vissa kosti í för með sér þegar kemur að skrifum. „Ég hugsa að kannski eigi maður auðveldara með að fá góðar hugmyndir. Það er auðvitað styrkleiki. Á móti kemur síðan hugsanlega sá veikleiki að maður á auðveldara en aðrir með að fá leið á úrvinnslunni og jafnvel að missa áhugann algjörlega, sérstaklega þegar manni finnst eins og sagan eða verkið bifist varla í átt að einhverjum endapunkti. Þetta tiltekna atriði fyllti mig svo mikilli gremju á tímabili, fyrir greiningu reyndar, að ég skrifaði um það sögu sem heitir „Höfundur“. Sagan sú fjallar um rithöfund sem hefur byrjað á þúsund sögum en tekst aldrei að klára neina þeirra. Írónían er síðan sú að hann klárar auðvitað eina sögu meðan hann segir söguna af því hvernig hann geti aldrei klárað sögur,“ segir Hilmar og bætir við kíminn: „Hver var spurningin annars?“

Um þessar mundir er Hilmar Örn með skáldsögu í smíðum, auk lokaritgerðar í bókmenntafræði. „Já, ég er að skrifa BA verkefni í bókmenntafræði sem ég er búinn að vera á leiðinni að skila undanfarin fimm ár eða svo en sé fyrst núna fyrir endann á. Það er kannski eitt sem ég er læra að tileinka mér og er ágætis ráð, að vera ekki grimmur við sjálfan mig og rífa mig niður. Ég hef verið að ala upp og



Hilmar á Rauða torginu í Moskvu árið 2006.

ala önn fyrir þremur börnum ásamt konunni minni, Margréti Heiði Jóhannsdóttur, og það er stórt og dýrmætt verkefni. Yngsta barnið er eins og hálf árs, það er strákur sem heitir Matthías Esra. Svo eigum við Margrét tvær dætur, Hrafnhildi Diljá sem er átta ára og Karlottu Ólöfu sem er þriggja ára. Þetta eru frábærir krakkar. En ég er sem sagt að vinna í þessari ritgerð og svo er ég að skrifa skáld-sögu sem ég hef tilfinningu fyrir að ég klári, ólíkt hinum fimmtán sem ég hef byrjað á."

Í lokin er ekki úr vegi að fá einhver heilræði fyrir fólk sem er að hefja skriftir eða langar að skrifa. Hilmar Örn er spurður hvort hann lumi á fleiri ráðum fyrir verðandi rithöfundu?

„Líklegast er það bara gamla klisjan um að gefast aldrei upp," segir Hilmar. „Ef þú hefur raunverulega þörf fyrir að skrifa þá kemur sú þörf örugglega

aldrei til með að láta þig vera. Og þeir sem eru að byrja eiga ekki að vera smeykir við að skrifa rusl. Það byrja allir á því að skrifa rusl, og heilmikið af því, þangað til þeir finna sína rödd og sinn stíl. Þetta á reyndar við um alla sem hafa einhvern áhuga á skrifum. Fyrir greinda er ágætt að hafa það í huga að þeir hafa hugsanlega heilmikið forskot þegar kemur að hreinni hugmyndavinnu. Restin er síðan bara að halda áfram frá A til B, eitt skref í einu, reyna að tileinka sér hæfilega miskunnarlausan sjálfsaga. Síðan held ég að rúttína geti verið þyngdar sinnar virði í gulli. Nái maður að koma hlutunum þannig fyrir að það sé alltaf ákveðinn tími sem fari í ákveðna hluti þá er slíkur rammi ákjósanlegt aðhaldstæki fyrir ADHD fólk," segir Hilmar Örn að lokum.

Viðtalið tók Kristín Elva Guðnadóttir.

Er að læra að til-einka mér að vera ekki grimur við sjálfan mig eða rífa mig niður.

Er að skrifa skáld-sögu sem ég hef tilfinningu fyrir að ég klári, ólíkt hinum fimmtán sem ég hef byrjað á."

Líklegast er það bara gamla klisjan um að gefast aldrei upp.

Þeir sem eru að byrja eiga ekki að vera smeykir við að skrifa rusl.

Fyrir greinda er ágætt að hafa í huga að þeir hafa heilmikið forskot þegar kemur að hreinni hugmyndavinnu.

Reyna að til-einka sér hæfilega miskunnarlausan sjálfsaga.

Nái maður að koma hlutunum þannig fyrir að það sé alltaf ákveðinn tími sem fari í ákveðna hluti þá er slíkur rammi ákjósanlegt aðhaldstæki fyrir ADHD fólk.